

# Mávahraun 1 – fyrirspurn

Málsnr. 1805258

Þórir Jónsson og Friðbjört Gunnarsdóttir leggja fram fyrirspurn þann 14.05.2018. Óskað er eftir að breyta lóð fyrir framan húsið, bæta við bílastæðum og lækka kantinn næst gatnamótunum svo hægt sé að fara með bíl og kerru inn í garðinn (sjá teikningu. Spurning 1: Þarf að sækja um leyfi til þess? Spurning 2: Er möguleiki að Hafnarfjarðarbær komi til móts við okkur við að breyta hleðslunni á lóðarmörkunum sem snýr að Álfaskeiði? (sjá myndir). Annað hvort með nýrri hleðslu eða steiptum vegg og lágri girðingu? Það myndi fegra götumyndina og jafnvel væri hægt að breikka aðeins göngustíginn í leiðinni sem væri verulega til batnaðar fyrir gangandi vegfarendur og fyrir snjóruðningstæki á veturna.

Umsögn:

Í gildandi deiliskipulagi „Miðbær – Hraun“ með síðari breytingum, dagsett 26.03.2012 og á gildandi mæliblaði skulu vera tvö bílastæði á lóðinni, eins og á lóðum annarra einbýlishúsa á svæðinu. Einnig hefði slík fjölgun bílastæða á lóð, sem myndir sem fylgja með fyrirspurninni gefa til kynna, í för með sér skerðingu á almenningsgangstétt og göturými við Mávahraun. Að auki ógnar innkeyrsla inn á lóð, sem staðsett yrði svo nálægt umferðargatnamótum eins og sýnt er á myndunum, umferðaröryggi.

Í ljósi ofangreindra atriða er tekið neikvætt í erindið.

Því má bæta við að eldri hraunhleðsla á lóðarmörkum Mávahrauns 1 og Álfaskeiðs 123 þykir til þrýði á þessum stað og eru lóðarhafar hvattir til þess að halda henni vel við.

f.h. umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar,  
Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur

